
„Alvara listamanns-ins er aukageta þjóðarinnar"

Um Kjarval og sýningar á verkum hans



Kjarval – Reginsund, 1938, í Listasafni Íslands.



Kjarval – Pastelteikning af Tove Kjarval.



Kjarval – „Fagra veröld", í safni Þorvalds Guðmundssonar.

Það er með Kjarvalsveislu eins og aðrar stórveislur að maður verður að varast að borða yfir sig. Enda ekki neitt smáræði á boðstólum hér á höfuðborgarsvæðinu: u.þ.b. 500 listaverk á fjórum stöðum, ritgerðir í sýningarskrám og dagblöðum, þrjú litskyggnuhefti (tvö þeirra að vísu rétt ókomin), ævisaga upp á tvö bindi og útvarps- og sjónvarpsefni þar að auki.

Hins vegar eru sýningarnar fjórar þannig samsettar að áhorfendum hlýtur að verða bumbult því allar reyna þær, hver með sínum hætti, að spanna feril listamannsins eins og hann leggur sig. Á hverri sýningu verða sýningargestir að púsla saman verkum, tengja þau innbyrðis, raða þeim saman í tímabil og búa sér til mynd af listamanninum.

Án samráðs

Óneitanlega hefði það hjálpað áhugamönnum um Kjarval ef sýningarstaðirnir fjórir hefðu haft með sér einhvers konar samráð, þó ekki hefði verið nema í upplýsingaöflun. Kjarvalsstaðir og Listasafn Íslands birta t.d. bæði æviágrip listamannsins og bætir þar hvor annan upp. Um slíkt æviágrip hefði hæglega verið hægt að sameinast hefði vilji verið fyrir hendi.

Þeim sem stóðu að Kjarvalssýningunni í Hafnarborg í Hafnarfirði datt síðan það snjallræði í hug að merkja á Íslandskorti þá staði þar sem Kjarval hafði málað mest. Kort af því tagi hefði óefað farið vel með æviágripi. Svo maður gefi sig algjörlega á vald draumórum þá hefðu hinir ýmsu sýningarstaðir getað skipt með sér tímabilum í list Kjarvals, auk þess sem einhverjir aðilar hefðu getað tekið að sér að sýna eitt eða fleiri stef, portrettmyndir Kjarvals, afstraktmyndirnar o.s.frv.

Varnaraðgerðir

Ég er hræddur um að allar þessar yfirlitssýningar, stórar og smáar, verði frekar til þess að rugla menn í ríminu en að þær gefi áhorfendum heilsteypt yfirlit um þróun myndlistar Kjarvals í sextíu ár.

Ef nokkur íslenskur myndlistarmaður þarfnast skipulegrar úttektar þá er það einmitt Kjarval. Það var stundum eins og hann ynni markvisst að því að torvelda okkur listrýnendum eftirleikinn. Hann átti til að skipta um stíl eins og hatt, beita margs konar stílbrigðum í sömu mynd, endurnýja gamla takta og breyta bæði undirskrift sinni og ártölum, allt eftir því hvernig lá á honum. Að hluta til voru þetta eflaust varnaraðgerðir, löngun til að láta ekki „hanka sig", hvorki í lifanda lífi né síðar. Önnur furðuleg uppátæki Kjarvals gegndu sjálfsagt svipuðu hlutverki.

Staður og stíll

En ég renni grun í að listrænn hverfulleiki Kjarvals hafi verið hrygglengjan í meðvitaðri eða ómeðvitaðri afstöðu hans til sköpunarinnar.

Það sem skipti hann ævinlega mestu máli var innblásturinn á staðnum. Staðurinn réð síðan stílnum. E.t.v. væri réttara að segja að í málverkum Kjarvals væri staðurinn stíllinn en listamaðurinn gegndi nokkurs konar miðilshlutverki.

Að vísu er hver listamaður barn síns tíma og getur ekki staðið alveg fyrir utan allar stefnur nema þá hann loki sig inni, eins og Einar Jónsson. Því gefur augaleið að Kjarval hefur ýmislegt lært, af impressjónistum, expressjónistum og symbólistum. En hann virðist hafa litið á uppgötvanir þeirra sem eins konar stafróf sem nota mætti að vild, eftir því sem innblásturinn krafðist. Því komast jafnvel lærðustu menn í bobba er þeir eiga að draga verk Kjarvals í dilk. Að sumu leyti minnir þessi

Myndlist

Aðalsteinn Ingólfsson

afstaða Kjarvals á hina svokölluðu póstmódernista nútímans sem telja sér frjálst að leita fanga í alls konar myndlist og blanda stílbrigðum saman að vild.

Allt úr böndunum

En innblástur getur brugðist sem önnur krosstré, jafnvel oftar, og til eru æðimargar myndir eftir Kjarval þar sem allt virðist fara úr böndunum. Þeir sem rekast vel í listhópum geta hins vegar bjargað óbjörgulegum myndum fyrir horn með aðstoð leikreglnanna.

Hvar er þá að finna hinn eina og sanna Kjarval, sjálfan „essensinn"? Kannski hvergi. Máske ekki í málverkunum heldur fyrirmyndum málarans. En þótt við vitum ekki upp á hár að hverju við leitum komumst við samt nær markinu með útilokunaraðferðinni.

Kjarval virtist t.d. ekki hafa áhuga á að túlka samskipti fólks eða grafast fyrir um innri mann þess. Þegar hann málar andlit er það samsetning andlitsdrátta, landslag þeirra, sem varðar hann mestu. Eins og hann ýkir litbrigði jarðarinnar, gerir hann slíkt hið sama við sérkennileg andlit, sem jaðrar þá við karikatúr á þeim.

Ást á stað og stundu

Kjarval var sömuleiðis lítið gefið um mannabyggðir. Myndir af húsum, hvort sem er í borg eða upp til sveita, eru aðeins fáar til eftir hann. Bóndabæ úr Húnavatnssýslu er að finna á mynd í Háholti en sérkennilega mynd af byggðinni á Laugarnesinu er einnig að finna í Hafnarborg.

Það er líka merkileg staðreynd að Kjarval, sem unnið hafði alla venjulega vinnu til sjávar og lands, málaði helst ekki myndir úr atvinnulífinu. Undantekning er veggmyndin í Landsbankanum, 1924, og formyndir að henni. Nóta bene: Í skrám Listasafnsins og Kjarvalsstaða er sú mynd kölluð „freska" en er það alls ekki heldur „sekka" (al secco). Hér er grundvallarmunur á.

Þá erum við aftur komin að landslagi og ævintýramyndum Kjarvals. Sumar þeirra mynda liggja í augum uppi, vitna um ást á stað og stundu eða vitna í ljóð og sögur sem við þekkjum.

Í kössunum

Aðrar myndir eru sem lokuð bók. Eftir skoðun á öllum þessum myndum dettur manni sitt af hverju í hug. Eftir Kjarval liggur t.d. meira af myndum með trúarlegu inntaki en marga, þ.á m. mig, hefði grunað. Hver var afstaða Kjarvals til kristindómsins og hvernig tengist sú afstaða austrænni heimspeki og guðspeki Tove, konu hans? Á öllum þessum hlutum tæpir Indriði G. Þorsteinsson í ævisögu Kjarvals en fylgir þeim ekki eftir. Svarið er e.t.v. að finna í kössunum að Kjarvalsstöðum.

Eins og búast mátti við er flestar Kjarvalsmyndirnar einmitt að finna þar, eða 212 stykki, auk ýmiss konar muna úr fórum listamannsins. Þótt sýningin sé snyrtilega upp sett hefði ég sjálfur kosið að sjá ákveðnari röðun í tíma, sbr. orð mín hér í upphafi. Síðan verður maður fyrir minni háttar opinberunum við skoðun á glerskápunum frammi í gangi. Þar má t.d. sjá bréf frá unglingspilti, Guðmundi Guðmundssyni (Erró), teikningar af geómetrískum strúktúrum og gvassmynd af hauskúpu og krossi frá 1939 sem ber nafnið „Stríðsfrjettir".

Hausarnir

Ágæt sýningarskrá fylgir þessari sýningu. Sérstaklega hafði ég ánægju af ritgerð Árna Sigurjónssonar um ritsmíðar Kjarvals þótt hún hefði að ósekju mátt vera ítarlegri. Þar sem ártöl vantaði á eldri myndir (c. 1910–20) fannst mér tímasetningar vera helst til djarfar, miðað við að margar þeirra eru ágiskanir. Listasafn Íslands tjaldar einnig öllum verkum sem það á eftir Kjarval. Stolt og prýði á þeim bæ eru vitanlega „hausarnir" frá 1926 en